

Fagnaðarboði



*En leitið fyrst ríkis
Hans og réttlætis, og
þá mun allt þetta
veitast yður að auki.*

Daníel og ljónagryfjan


Daríusi þóknaðist að setja yfir ríkið hundrað og tuttugu jarla, er skipað skyldi niður um allt ríkið, og yfir þá þrjá yfirhöfðingja, og var Daníel einn af þeim; skyldu jarlarnir gjöra þeim skilagrein, svo að konungur biði engan skaða. Þá bar Daníel þessi af yfirhöfðingjunum og jörlunum, sökum þess að hann hafði frábæran *Anda*, og hugði konungur að setja hann yfir allt ríkið. Þá leituðu yfirhöfðingjarnir og jarlarnir að finna Daníel eitthvað til saka viðvíkjandi ríkisstjórninni, en gátu enga sök eða ávirðing fundið, því að hann var trúr svo að ekkert tómlæti né ávirðing fannst hjá honum. Þá sögðu þessir menn: Vér munum ekkert fundið geta Daníel þessum til saka, nema ef vér finnum honum eitthvað að sök í átrúnaði hans. Þá þustu þessir yfirhöfðingjar og jarlar til konungs og sögðu svo við hann: Daríus konungur lifi eilíflega! Öllum yfirhöfðingjum ríkisins, landsstjórum, jörlum, ráðgjöfum og landshöfðingjum hefir komið ásamt um að gefa út þá konungsskipun og staðfesta það forboð, að hver sem í þrjátíu daga gjörir bæn sína til nokkurs guðs eða manns, nema til þín,

konungur, honum skuli varpað í ljónagryfju. Nú skalt þú, konungur, gefa út forboð þetta, og láta það skriflegt út ganga, svo að því verði ekki breytt, eftir órjúfanlegu lögmáli Meda og Persa. Samkvæmt þessu lét konungur gefa skriflega út skipunina og bannið. En er Daníel varð þess vissari, að þessi skipun var út gefin, gekk hann inn í hús sitt; þar hafði hann uppi í loftstofu sinni opna glugga er sneru móti Jerúsalem, og þrem sinnum á dag kraup hann á kné, bað til Guðs síns og veggjaði Hann, eins og hann hafði áður verið vanur að gjöra. Þá þustu þessir menn að og fundu Daníel, þar sem hann var að biðja og ákalla Guð sinn. Síðan gengu þeir inn fyrir konung og spurðu hann viðvíkjandi konungsforboðinu: Hefir þú eigi gefið út það forboð, að hver sá maður, sem í þrjátíu daga gjörir bæn sína til nokkurs guðs eða manns, nema til þín, konungur, honum skuli varpað í ljónagryfju? Konungur svaraði og sagði: Það stendur fast, eftir órjúfanlegu lögmáli Meda og Persa. Þá svöruðu þeir og sögðu við konung: Daníel, einn af hinum herleiddu Júðum, skeytir hvorki um þig, konungur, né um það

forboð, sem þú hefir út gefið, heldur gjörir bæn sína þrem sinnum á dag. Þegar konungur heyrði þetta, féll honum það næsta þungt, og lagði hann allan hug á að frelsa Daníel og allt til sólarlags leitaði hann alls við, að hann fengi borgið honum. Þá þustu þessir sömu menn til konungs og sögðu við hann: Þú veizt, konungur, að það eru lög hjá Medum og Persum, að ekki má raska því banni eða boði, sem konungur hefir út gefið. Þá bauð konungur að leiða Daníel fram og kasta honum í ljónagryfjuna; og konungur tók til máls og sagði við Daníel: Guð þinn, sem þú dýrkar án afláts, frelsi þig! Síðan var sóttur steinn og lagður yfir gryfjumunnann, og innsiglaði konungur hann með innsiglishring sínum og með innsiglishringum stórhöfðingja sinna, til þess að sú ráðstöfun, sem gjörð hafði verið við Daníel skyldi eigi raskast.

Eftir það gekk konungur heim til hallar sinnar og var þar um nóttina fastandi; frillur lét hann eigi leiða inn til sín, og eigi kom honum dúr á auga. Síðan reis konungur á fætur í dögun, þá er lýsa tók, og skundaði til ljónagryfjunnar. Og er hann kom að gryfjunni, kallaði hann á Daníel með sorgfullri raust; konungur tók til máls og sagði við Daníel: Daníel, þú þjónn hins lifanda Guðs, hefir Guð þinn, sá er þú dýrkar án afláts, megnað að frelsa þig frá ljónunum? Þá sagði Daníel við konung: Konungurinn lifi eilíflega! Guð minn sendi engil sinn og hann lokaði munni ljónanna, svo að þau gjörðu mér ekkert mein, af því að ég er saklaus fundinn frammi fyrir Honum, og hefi ekki heldur framið neitt brot gagnvart þér, konungur. Þá varð konungur næsta glaður og bauð að draga Daníel upp úr gryfjunni. Var Daníel þá dreginn upp úr gryfjunni, og fannst ekki að honum hefði neitt að skaða orðið, því að hann treysti Guði sínum. En konungur bauð að leiða fram menn þá, er rægt höfðu Daníel, og kasta þeim, börnum þeirra og konum í ljónagryfjuna; og áður en þeir komust til botns í gryfjunni, hremdu ljónin þá og muldu sundur öll bein þeirra. Síðan ritaði Darius konungur öllum lýðum, þjóðum og tungum, sem búa á allri jörðinni: „Gangi yður allt til gæfu! Eg læt þá skipun út ganga, að í öllu veldi ríkis míns skuli menn hræðast og óttast Guð Daníels, því að Hann er hinn lifandi Guð og varir að

eilífu; ríki Hans gengur ekki á grunn og veldi Hans varir allt til enda. Hann frelsar og bjargar, Hann gjörir tákn og furðuverk á himni og jörðu. Hann sem frelsaði Daníel undan ljónunum.



Hér höfum við sjötta kapitula Daníelsbókar, til íhugunar. Vert er að íhuga muninn á milli þeirra, sem Guði þjóna og þeirra, sem ekki þjóna Honum. Daníel elskaði Guð, og lét ekki skipun konungs skelfa sig. Hann þekkti þann, er hann lifði í samfélagi við, eins og allt endurfætt fólk. Það þekkir Jesúm Krist, af því að það er í samfélagi við Hann og nýtur samvistar við Hann í trúarréttlætinu, er Hann hefir veitt þeim, sem Hann elska. Daníel hafði Guðs Orð fyrir leiðarljós, með því að Andi Drottins leiðir oss í Hans Orði og Hans líkami og blóð, er Hans opinberun í eilífu lifi.

Við sjáum mismuninn á þeim sem Drottni þjóna og þeim sem ekki þjóna Honum. Bænin veitir oss aðgang að dýrð Guðs. Hann í sinni alvizku er alltaf vakandi í mætti sínum, til að gjöra sitt Nafn kunnugt, með stórverkum kærleikans, til sinna og í sínum. Þrisvar á dag gjörði Daniel bæn sína til Guðs, og skeytti ekki neitt um skipun konungs, því að hann vissi hvers þjónn hann var. Þjónar Daríusar, vildu deyða Daniel, sem Guðs þjón, en Daniel vissi að verk Guðs var að gefa líf, en ekki deyða.

Daniel vinur Guðs opinberaði og kunngjörði þessum konungum Guðs vilja, en þá fýsti ekki að þekkja Hans eilífu elsku og dýrð. Þeir lifðu í tilbeiðslu hégóma og syndar og stóðust ekki í sinni tign, þegar sigurrétturinn birtist frá Guði yfir dauðans freistingum þeirra, að vilja taka Daniel, Guðs þjón af lífi. Gjör útvalningu og köllun þína vísar í dag, með því að vita hvers þjónn þú ert. *Vitið þér ekki, að þeim sem þér frambjóðið sjálfa yður fyrir þjóna til hlýðni, þess þjónar eruð þér, sem þér hlýðið, hvort heldur er syndar til dauða, eða hlýðni til réttlætis? Róm. 6. 16.* Ríkisstjórn Daríusar hlaut sinn dóm, en Daniel sinn rétt, með því að hann var saklaus fundinn frammi fyrir Guði og konungi. Í dag er tími til að taka áminningum og aðvörum Guðs Orðs, til eilífs lífs og þjónustu. Það getur alltaf verið síðasta tækifærið til að heyra vinar raustina, Jesú Orð og boð.

Gef þig til Hans í bæn og ákalli, les Guðs Orð, og þigg þú að vera samarfi Jesú Krists, í eilífri dýrð og sælu. Þigg Hans réttlæti í dag, því að það er í gildi hjá Guði. Það er eini ávinningurinn allt annað er sálartjón. Allt er ávinningur í Kristi Jesú. Allt tjón og tap fyrir utan Hann. Mundu að þú ert hér á jörðinni til þess að vera í Jesú Kristi og elska Hann. Það er Guðs verk til þín. Bið Jesú að frelsa þig í dag. Leyf Jesú að frelsa þig í dag.

Dýrð sé Guði fyrir frelsið í Jesú Kristi Drottni vorum.

Guðrún Jónsdóttir.



Hönd Drottins

hefir ekki stytzt

Þegar ég var ungur og las í Ritningunni um dásendarverkin, sem Drottinn Jesús gerði, þegar Hann gekk meðal mannanna, holdi klæddur. Þá fylltist hjarta mitt undrun og fögnuði, en um leið sárum trega yfir því að allt þetta sem gerðist, væri liðið hjá. Nú heyrðist ekki lengur um nein kraftaverk.

Tíminn leið og breiddi sinn dökka vanahjúp yfir allar yndislegu og hugljúfu sögurnar.

Æsku og unglingsárin voru liðin, með allar sínar djörfu fyrirætlanir. Alvaran og reynslutíminn var genginn í garð, án þess að honum væri boðið inn. Þungi fullorðinsáranna færðist óðfluga yfir.

Konan mín var þegar búinn að vera veik í allmörg ár, og engin bata von, þó að allra hugsanlegra ráða, aðferða og lækna væri leitað, og meðala neytt, þá færði hver stundin hana óðfluga nær dauða og gröf. Nú var svo komið, að aðeins var um að ræða hver klukkustundin yrði síðust, berklar og bólgur hið innra og ytra voru nú allsráðandi. Til hins síðasta var reynt að stilla hinar sárustu kvalir, með heitum bókstrum og deyfilyfjum, í vonlausri baráttu við dauðan. Þetta er mjög stytta frásögn, sem vart verður með orðum lýst.

En sumardagurinn fyrsti rann upp og áður en sól var sett, var öllu bölinu breytt og þjáningunum aflétt.

Þegar í öll skjól var fokið og öllum mannlegum ráðum var lokið, þá runnu upp fyrir mér gleymdu sögurnar, um náðarverk Frelsarans. Ef Hann kynni enn að vilja hjálpa.

Hönd Drottins hafði ekki stytzt.

Eg fór til þjóns Drottins, Sigurðar Sigvaldasonar, og bað hann um að koma heim til mín og biðja til Drottins. Gjörðist það þá, sem við ekki þorðum að vona né trúna. Hin fornu undur endurtóku sig. Frá þeim degi hefir hún verið heilbrigð, þó að liðin séu nærfelt átján ár síðan. Frá þeim tíma hafa kraftaverkin endurtekið sig iðulega fyrir augum mínum bæði á sjálfum mér og fjölmörgum öðrum, og Drottinn Jesús Kristur

Þér eruð ljós heimsins

Þér eruð ljós heimsins; borg, sem stendur uppi á fjalli, fær ekki dulist. Ekki kveikja menn heldur ljós og setja það undir mæliker, heldur á ljósaastikuna; og þá lýsir það öllum, sem eru í húsinu. Þannig lýsi ljós yðar mönnunum, til þess að þeir sjái góðverk yðar og vegsami Föður yðar, sem er í himnunum. Matt. 5. 14 - 16.

Þegar ég heyrði Sigurð Sigvaldason, lærisvein Jesú Krist, tala í fyrsta sinn, var sem himininn opnaðist, fyrir mér. Áður var allt, svo þoku hulið, sem heyrði himnaríki til. Allt hjúpað þykkum vanþekkingarskýjum.

Ritningin var mér lokuð bók, og lítt skiljanleg, hulin mér í vanþekkingarmyrkri. Það þurfti Sínaí eldingar, og þrumur lögmálsins, til þess að rjúfa það, svo að náðarsól Drottins opinberaðist mér. Enda var það fyrir eyrum mér, sem eldingar og þrumur, er Sigurður Sigvaldason hóf sína fyrstu ræðu, er ég var heyrandi að, svo að skýjaþykkið rofnaði, og sjá mátti inn í opinn himininn. Margar ræður heyrði ég hann flytja og útskýringar gefa á orði Drottins og náðarverkum Hans. Margar minningar renna upp í huga mér, er ég hugsa til liðinna samverustunda með honum.

Eftirminnilegastar verða mér bænir hans, þegar hann bað fyrir mér, og mínum nánustu, og fjölda mörgum öðrum þurfandi mönnum. Eg var búinn að vera veikur og valdi dauðans ofurseldur, því mannlegur máttur mátti sín ekkert, og öll ráð voru þrotin, þegar Sigurður Sigvaldason bað fyrir mér. Hann barðist í bæn og ákalli til Drottins, þar til Hann svaraði, með því að senda ljós af himni, sem færði mér líf, frið og sigur yfir sjúkdómunum.

Eitt ár er nú liðið síðan Drottinn kallaði lærisvein sinn heim til hvíldar sinnar, eftir langt þjónustu skeið. Hér birtist einn af sálum hans, þar sem hann segir frá undrum kærleikans, og sigri Frelsarans. *Einar Einarsson.*

unnið hin sömu undraverðu kærleiksverk sem Hann gjörði forðum daga bæði fyrir bænir vinar vors Sigurðar Sigvaldasonar og annara þjóna sinna er Hann hefir útvalið og sent.

Einar Einarsson.

Orðið Guðs

(19 Op.bók 13).

Eg les við kross þinn, Kristur, um kærleiks undrin öll. Og Þú komst fram sem fyrstur, úr filabeinsins höll. Úr gröfum dauðir gengu, og Guð sín skyggði ljós, fyr en syndarar fengu, sinn frið í Sarons Rós.

Purpurinn rifnar rauði, en reiði Guðs er slökkt. Og djöfull, myrkur, dauði, í díkið niður sökkt. Ó, ljúfi ljóssins Herra, sem líf vort keyptir einn! Vor ást mun aldrei þverra, „Ísraels mikli Steinn“.

Í Konungs endurbirting, öll veröld fer af stað. Það er Guðs heilög hirting, af heimi verðskuldað. Já, allar eyjar hverfa, öll rofna fjöllin há. En borgir eldinn erfa. Allt fær sinn dóminn þá.

Og löndin nakin nötra, nú sjá þau Herra sinn. Egypzka tignar tötra, tók plágu Engillinn. (16. Op.b. 17-21). Og haglið hrundi í vættum, því heimsins synd var stór. Við Guð hann sinni' ei sættum, ó sjá, hvað illa fór.

En ég vil þyrstur þreyja, og þiggja skrúðans náð. Og stríðið heilagt heyja, í helgar ástir skráð. Já, ég vil elska og erfa, um árin skýjalaus, Í sælu síðast hverfa, og sjá, hvað vel ég kaus.

Frelsarinn er í öllum,
svo yndislega við!
Ef vér í auðmykt köllum,
á æðri hjálp og frið.
Og blessað blóð Hans rauða,
sem ber í frá oss synd.
Er dásemd gegnum dauða,
sem dýrðar roðans lind.

Víst ert þú allt í öllum,
og elskulega hlýr.
Úr alvirkunnar höllum,
í ástunum svo nýr.
Í eld þú enn munt fara,
ef einhver tapar veg.
Í þínum skryðda skara,
er skírn þín ódauðleg.

Sigurður Sigvaldason.

Jesús Kristur læknaði mig

*Hvað sem þér biðjið um í mínu Nafni,
það mun ég gjöra, til þess að Faðirinn
verði vegsamlegur í Syninum.*

Jóh. 14, 13.

Þetta eru Orð Jesú Krists.

Eg hefi beðið Guð að fyrirgefa mér syndir mínar og Hann hefir bænheyrt mig.

Lof sé Drottinn fyrir náð Hans og miskunn, og mig skortir orð til að lýsa því, hvað það er mikil sæla og friður þegar Jesús Kristur hafði létt syndabyrðinni af sál minni.

Guð bænheyrir þá sem biðja Hann af einlægu hjarta, og hafa meðtekið lifandi trú á hið fullkomna verk Drottins Jesú Krists sér til handa.

Eg hefi orðið þeirrar náðar aðnjótandi að Hann læknaði líkama minn fyrir bæn sem beðin var fyrir mér í Jesú Nafni.

Vegir Guðs eru órannsakanlegir fyrir okkur mannanna börn.

Eg var veikur í fæti og var búinn að vera það lengi, en var að vinna og átti mjög bágð með það. Eg bjóst við að ég yrði að hætta því alveg, því að fóturinn var alltaf að visna, en er nú albata. Eg veit það nú að Guð í náð sinni leiddi mig til

sinna þjóna, sem eg vissi ekkert um fyr. Eg var sendur til Hafnarfjarðar til að vinna við síman þar. Eg þurfti hjálp til að ljúka verkinu sem ég átti að gjöra. Þá var sendur til mín maður, sem ég hafði aldrei séð áður, og fór hann að hjálpa mér við verkið. Hann sá fljótt að ég var lamaður í fæti, og spurði mig hvernig á því stæði. Eg sagði honum það. Hann fór þá að segja mér að hér væri þjónn Drottins, sem bæði fyrir sjúkum og skyldi ég koma til fyrirbænar í þeirri von að Drottinn gæfi mér heilan fótinn. Eg trúði því ekki þá að Guð mundi svara, þó að Hann væri beðinn, en ég fékk að reyna það að Guð bænheyrir sína. Lof sé mínum himneska Föður. Þjónninn sem bað fyrir mér heitir Guðrún Jónsdóttir. Mikið má ég lofa Drottinn fyrir þá náð, sem Hann veitti mér, að láta mig þreifa á mætti bænarinnar. Eg hafði aldrei heyrt slíka bæn fyr, sem flutt var af svo miklum kærleika. Þjónnar Drottins hafa í sinni lifandi trú, svo oft útskýrt fyrir mér, að Jesús Kristur er hið sanna ljós, sem kom í heiminn til að gefa öllum eilíft líf, sem á Hann trúa og Hans Orði hlýða í Anda og Sannleika.

Eg vitna með þessum línunum hvað Guð hefir gjört fyrir mig. Þið sem lesið þennan vitnisburð, finnst það kannske ótrúlegt að Drottinn skiri þjóna sína í Heilögum Anda, eins og Hann skirði lærisveina sína á Hvítasunnudaginn fyrir meira en 1900 árum. Verk Jesú eru alltaf ný og sígild, til allra á öllum tímum. Guð er alltaf sá sami til allra, sem Hans leita.

Þann tíma sem þú og ég dveljum á þessari jörðu að ráði Guðs, þá eigum við að kappkosta að fara ekki nakin héðan, þó að við höfum komið nakin í þennan heim, vegna syndarinnar, heldur að vera klædd hinum fegursta skróða er Jesús Kristur hefir búið oss, með lífi sínu og dauða.

Frimann Ingvarsson.

Tíminn er fullnaður og Guðsríki er nálægt; gjörið iðrun og trúð Fagnaðarboðskapnum.

Mark. 1, 15.

Bæn

Ó, veit mér náð, að nær ég komi en fyr
og njóti friðar gegnum Jesú dyr.
Þitt Föðurauglit fyllir allt og sér.
Ó, fyrirgef þú Drottinn Jesú mér.

Ó, veit mér styrk, minn Herra Kristur kær
og kramið hjarta sem þú prófað fær.
Ó, veit mér trú, miskunn eilíf er,
svo alla daga ég þrái að fylgja þér.

Já, veit mér miskunn, eilíf því hún er
og endurnýja Anda þinn í mér.
Ó, veit mér skilning Orði þínu í
og uppreisn, svo ég ná að lifa því.

Já, veit mér sigur, elsku þinni af
með eldi prófast allt sem Drottinn gaf.
Æ, ber oss ekki að öðlast en þá meir?
Og elska Hann sem aldrei, aldrei deyr.

Lovisa Júlíusdóttir

Dyr Náðarinnar

Sjá þú dyrnar standa opnar í friðþægingar-
fórinni, sem Jesús Frelsari vor bar fram á kross-
inum, er Hann gaf sjálfan sig í dauðan fyrir
alla synduga menn.

Hann sagði: „Það er fullkomnað!“ Verkið sem
Faðirinn fékk sínum Eingetna Syni að fram-
kvæma er gjört, þess vegna er Fagnaðarboð-
skapur Guðs eilífa kærleika boðaður í dag.

Litum Jesús í Grasgarðinum þegar Hann knú-
inn af kærleika Föðurins til þess að frelsa mig
og þig frá eilífum dauða, barðist þeirri skelfingar
baráttu að sveiti Hans varð eins og blóðdropar,
er féllu á jörðina.

Hefir þú íhugað, að þetta var vor vegna? Við
vorum öll undir valdi djöfulsins, bundin eilífum
fjötrum syndar og dauða.

Svo hart var að leysa fjötra ranglætisins af
oss syndarinnar börnum og sigr fyrir oss dauð-
an, að sjálfur Jesús varð að þínast á krossinum
til dauða í vörn stað, svo að oss mætti miskunnað
verða. Hann hafði vald til að ganga frá þíslar-

dauðanum, en kærleikurinn sem Hann elskaði
oss með hélt Honum á krossinum, þar til allt var
fullkomnað og Faðirinn gjörði Hann dýrðlegan
og gaf Honum vald yfir öllu holdi, til þess að
Hann gefi öllum þeim er Faðirinn gaf Honum
eilíft líf. Svo hefir Faðirinn einnig falið Syninum
á hendur allan dóm. Svo að enginn kemur til
Föðurins nema fyrir Jesúm Krist.

Far þú að sinna kærleika Krists, á meðan enn
er tími, því að ekki hefir þú tíman í hendi þér.
Árin og aldirnar renna burt og mannanna börn
hverfa til moldarinnar. Dómurinn er settur og
dagur reiðinnar birtist, en sýn þú þíslum Krists
virðingu, gjör iðrun og þigg fyrirgefningu synd-
anna. Flýtt þér inn um dyr náðarinnar í friðar-
faðm Föðurins. Því hver fær staðist er Hann
birtist? Hann sem hefir augu eins og eldslogi.
Sér allt og rannsakar allra hugsanir og hjörtu.
Ekki dylst neitt fyrir geislaglóð Hans.

Drottins dýrkeypti lýður,
dýrð Lambsins hafinn í
líf móðu lífsins skírður,
Lausnarans bikar því,
búinn er börnum Hans,
öll svo þau af honum drekki,
auglit síns Föður þekki,
og gleym ekki gjöfum Hans.

Halldóra Einarsdóttir.

Trúin á Soninn

Sá, sem trúir á Hann, dæmist ekki; sá sem ekki
trúir er þegar dæmdur, því að hann hefir ekki
trúað á Nafn Guðs-Sonarins Eingetna. Jóh. 3, 18.

Eftir að maðurinn hafði brotið boðorð Guðs
og fallið í synd, hlaut Guðs réttlætisdómur, að
gangi yfir hann, því ekki gat Guðsríkið staðist
fremur en önnur ríki, ef grundvöllurinn var ekki
réttlæti, en fyrir réttlætið fær það staðist um
eilíð.

Öll önnur ríki riða og falla, þar sem réttlætis-
ins er ekki gætt.

Dómurinn var, að maðurinn misti allan rétt
sinn til eilífs lífs og samfélags við Guð. Hann var
rekinn frá augliti Guðs, frá dýrð máttar Hans
og var nú dauðanum ofurseldur.

Guð er kærleikur og hefir ekki þóknun á dauða nokkurs manns. Hann lagði allt í sölurnar, til þess að leysa manninn frá þeim dómi, sem hann var kominn undir. Samkvæmt alvirkni sinni þókn aðist Honum að taka refsinguna á sig, og þola þann réttláta dóm, sem yfir manninum hvíldi, til þess að hann mætti vera frjáls. — „Í dag er yður Frelsari fæddur.“ — Þessvegna gaf Hann Son sinn Eingetinn, sem Honum þóknaðist að láta alla fyllingu Guðdómsins búa í líkamlega í lausnargjald og friðþægingarfórn, til þess að hver sem byggði trú sína á Honum, skyldi ekki deyja dauða syndugs manns, né þola dóm syndanna vegna, þar sem sjálfur Guð, hafði fært allfullkomna fórn, sem í réttlátum dómi var ekki hægt í móti að mæla.

Orð Guðs vitnar ákveðið og greinilega um, að hin sanna trú er aðeins á Guðs Eingetna Soninn, og þar sem Guð opinberast náðugur og miskunnssamur til syndugra manna einungis í Honum, þá fær maður aðeins trúnað á Guð í Syninum og fyrir Soninn. Faðirinn dregur sérhvern iðrandi syndara með sínu Orði til síns elskaða Sonar, þar sem Hann hefir gefið Honum vald til að gefa þeim öllum eilíft líf með endurfæðingunni, þar sem Hann er Eilífðarfaðir allra hinna endurfæddu. Sonarréttindi Guðsrikis eru veitt þeim sem af Honum eru fæddir. Trúin á Hann og samfélagið, veitir sérhverjum dýrmæta sigurinn. Trúin er siguraflið, sem hefir sigrað heiminn.

Hér fylgja með nokkrar ritningargreinar, sem sýna glöggð að Föðurnum hefir þóknast að leggja allt valdið í hönd Sonarins, svo að Hann sé allt í öllu í Frelsisverkinu til syndugra manna. Að eilíft líf og aðgangur að dýrðarríki Guðs, er einungis gefið af náð, fyrir trúna á Jesúm Krist og samfélagið við Hann. Engir aðrir möguleikar eru hugsanlegir, eða nokkur minnsta átylla til, að vænta nokkurs annars. Því fórnargjöf Hans er fullkomin.

Og Jesús kom til þeirra, talaði við þá og sagði: Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Matt. 28, 18. Eins og þú hefir gefið Honum vald yfir öllu holdi, til þess að Hann gefi öllu, sem þú gafst Honum, eilíft líf. Jóh. 17, 2. Þessi er minn elskaði Sonur, sem ég hefi velþóknun á; hlýðið á Hann. Matt. 17, 5.

Einar Einarsson.

Hvað hrópar þú?

Eg segi yður, að ef þessir þegðu, mundu steinarnir hrópa.

Þessu svaraði Jesús Kristur Fariseunum er þeir báðu Hann um að hasta á lærisveina sína, er þeir fögnuðu yfir Konungi sínum, sem Ritningarnar spáðu um fyrir munn sinna helgu spámannna, að Hann kæmi til lýðs síns sem Frelsari.

Náðarboðskapurinn hafði verkað á hjörtu þeirra, svo að þeir þekktu þann sem Faðirinn sendi.

Guði sé lof fyrir alla, sem eiga sigurlofin í dag. Fyrirgefna syndir og afbrot, fyrir trúna á Drottinn Jesúm Krist, sem eru þær einustu lífsdyr inn í himininn með líkama sínum og blóði, sem Hann gaf sjálfviljuglega í sölurnar, sem er það fullkomna lausnargjald fyrir alla menn.

Því er að þiggja verk Jesú Krists að Hann leysi úr fjötrum og fangelsi djöfulsins, sem svæfir og blindar svo manninn að hann gjörir ekki greinarmun á ljósi og myrkri, fellur því nakinn. Hann þekkti ekki Frelsara sinn.

Endurfæddur maður gleðst og fagnar yfir verki Lausnara síns. Það er sælt að vera leystur undan oki syndar og dauða.

Guði sé lof fyrir að Faðirinn gaf. Sonurinn hlýddi og Heilagi Andinn leiddi í allan sannleikan. Verkið er því fullkomnað. Því trúir og þess nýtur hinn endurkeypti, þar sem hann var þreyttur og friðvana, hefir hallað sér að hugsvalandi brjosti náðarinnar og hefir drukkið friðarblessunina til hvíldar og huggunar í Jesú Kristi.

Þessa blessunarlind opnaði Drottinn mér, er Orð Hans kom til mín lifandi fyrir Heilagan Anda. Það gekk í gegnum hjarta mitt. Það vakti mig og hreinsaði. Drottinn endurfæddi mig af náð sinni. Hann snart líkama minn svo dásamlega til lækningar, þar sem ég var sjúk og hafði ekki vit á að biðja um náð Hans til lækningar, en sagði þjóni Drottins frá því, þekkti það ekki að Drottinn framkvæmdi undur og tákn fyrir bænir sinna sendu og útvöldu.

En nú má ég þekkja það og njóta þess árum saman að ganga heilbrigð fyrir lækningarkraft Drottins Jesú Krists.

Kristín Jónsdóttir.

Hvert ert þú að fara?

Gangið inn um þrönga hliðið; því að vitt er hliðið og breiður vegurinn, er liggur til glötunarinnar, og margir eru þeir, sem ganga inn um það; því að þröngt er hliðið og mjór vegurinn, er liggur til lífsins, og fáir eru þeir sem finna hann. Matt. 7. 13-14.

Vegirnir eru tveir. Já, aðeins tveir, eins og Jesús Kristur hefir kennt. Hans kenning er stöðug.

Maður einn sagði á þessa leið. Ef kenningin er bara um þessa tvo vegi, þá vil ég ekki neitt með hana hafa að gjöra. Það er eins og maðurinn sagði, fyrst kenningin er ekki mér að skapi, eða samræmist ekki við mínar hugsanir, þá vil ég ekki neitt með kenninguna hafa. Ætli þessi náungi þætti ekki heppilegur hafnsögumaður, í gegnum skerjagarð og hættur á siglingaleiðum hafsins?

Sérðu slægð höggormsins hér?

Krists Jesús óumbreytanleg kenning er gjörð að lýgi. Þeir hafa umhverft sannleika Guðs í lýgi. Róm. 1. 25.

Þú sem lest, spurðu sjálfan þig hvort þú metir hugsanir þínar meira, en Orð Meistarans frá Nazaret.

Við spyrjumst oft á um þessa spurningu í daglegu tali. Hvert ert þú að fara? Kristur segir í dag og alla daga, komið til mín! Gang þú til hlýðni við Jesús, sem kallar þig til samfélags við sig, svo þú lifir Honum í ljósi sannleikans. Þá veiztu alltaf hvert þú ert að fara. Fyrirverð þig ekki fyrir að kannast við Hann, sem leiðir þig í allan sannleikann. Leiðin með Honum er til Föðurhúsanna. Þar ríkir friður Guðs í elsku Frelsarans. Treystu Drottni af öllu hjarta, en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Mundu til Hans á öllum þínum vegum, þá mun Hann gjöra stígu þína slétta. Orðskv. 3, 5 - 6. Treystu Jesú Orðum. Þau eru líf og sannleikur.

Guðrún Jónsdóttir.

ALMENNAR SAMKOMUR

*boðun Fagnaðararindisins
Austurgötu 6, Hafnarfirði.*

Sunnudaga kl. 2 og 8 e. h.
Þriðjudaga kl. 8 —
Fimmtudaga kl. 8 —
Laugardaga kl. 8 —

Iðrunartár og Jesú blóð

Hjarta yðar skelfist ekki; trúið á Guð og trúið á mig. Jóh. 14. 1.

Drottinn hefir huggað mig í náð sinni. Eg gekk með sjúkdóm í mörg ár, og varði allri eigu minni til margra lækna, en gat ekki fengið lækning hjá neinum. Eg þekkti ekki náð Drottins mér til handa, þar sem Hann segir: Eg er Hann. Jóh. 18, 5. Hann sem kom með náð og frið, sem lét lífið fyrir syndarann. Allt, sem Faðirinn gefur mér, mun koma til mín, og þann, sem til mín kemur, mun ég alls ekki burt reka. Jóh. 6, 37.

Fyrir Guðs náð var mér boðað Orð Drottins. Lofaður sé Drottinn, sem gaf mér náð til að heyra fréttina. Um leið fór ég til þjóns Drottins til fyrirbænar. Meðan á trúarbæninni stóð var eins og kviknaði nýtt líf í brjósti mér. Líknarorð Lausnara míns snart hjarta mitt. Þá stöðvaðist allt, sem heitir sjúkdómur, skelfing, eynd og dauði, hjartað fékk nýjan styrk. Frá þeirri stundu hefir Drottinn læknað öll mín mein.

Fyrir Guðs náð er ég glöð, að geta vitnað um, að Jesús er Frelsarinn minn.

Hann endurfæddi mig og hefir fyrirgefið mér allar mínar syndir.

Ef þú átt ekki játninguna með fyrirgefningu syndanna, þá hafnaðu ekki því blóðkeypta einkaleyfi að falla á kné í bæn frammi fyrir Jesú Kristi, Eingetnum Syni Föðurins, og játa syndir þínar, finnandi þig í hinni einu hreinu laug, iðrunartárunum og Jesú blóði, þá mun sama náðar raustin tala til þín, sem talaði til mín.

Vertu hughraustur, barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefna. Matt. 9, 2.

Mikil er sú tign, að vera Guðs barn og samarfi Krists.

Guðmunda Jónsdóttir

Friðarstöðum.

Fagnaðarboði kemur út þrisvar á ári 8 bls. Verð 1 kr. blaðið. Þeir sem óska eftir að fá blaðið sent, sendi afgreiðslunni nöfn sín og heimilisfang. Gjaldalagi blaðsins er fyrir áramót.

1. árg. 2. tbl. 1948. Gefið út af Sjálfseignarstofnuninni Austurg. 6, Hafnarfirði, sími 9075. Afgreiðsla á sama stað. Ritnefnd: Einar Einarsson, Frimann Ingvarsson, Ögmundur Jónsson.